ATVINNUVEGA- OG
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

Skúlagötu 4 101 Reykjavík
sími: 545 9700 postur@anr.is
anr.is

Landssamband smábátaeigenda
Hverfisgötu 105
101 Reykjavík

Reykjavík 21. janúar 2022
Tilv.: ANR22010056/11.02.01

Efni: Aukning aflaheimilda í ýsu.

Vísað er til erindis frá LS, 10. jan. sl., um að aflaheimildir í ýsu verði auknar um 8.000 tonn.

Erindið var sent Hafrannsóknastofnun til umsagnar og þar segir m.a.:
Sem svar við endurtekinni fyrirspurn ráðuneytisins við sama máli (apríl 2021) ítrekar stofnunin fyrra svar. Ef aðrar leiðir séu ekki færar til að slá á þann vanda sem fyrir hendi er þá muni stofnunin ekki leggjast gegn aukningu að því gefnu að hún verði tekin af úthlutun næsta fiskveiðárs.

Eins og fram hefur komið telur ráðuneytið ekki aðrar leiðir færar til að taka á vandanum, að óbreyttum lögum, en sú að aflamark verði aukið. Hafrannsóknastofnun leggst ekki gegn því að aflamark verði aukið á yfirstandandi fiskveiðiári enda verða heimildirnar dregnar frá því aflamarki sem annars yrði úthlutað á fiskveiðiárinu 2021/2022, samkvæmt samþykktri aflareglu. Stofnunin bendir jafnframt á að aukningin nú gæti valdið því að svipaður vandi komi upp á næsta fiskveiðiári og því mikilvægt að öllum verði ljóst að aukningin nú verði til frádráttar á komandi fiskveiðiári. Slík skilaboð samhliða úthlutun gætu stuðlað að því að ekki verði farið af stað með beina sókn í ýsustofninn og aukið á mögulegan vanda á komandi fiskveiðiári.

Ráðgjöf samkvæmt aflareglu stjórnvalda fyrir fiskveiðiárið 2020/2021 var upp á 45.389 tonn en afli íslenskra skipa samkvæmt vef Fiskistofu varð 59.597 tonn eða 14.208 tonnum umfram ráðgjöf. Þá er ótalinn afli Færeyinga og Norðamanna upp á ríflega 1000 tonn. Ljóst er því að 6.208 tonn voru veidd umfram ráðgjöf samkvæmt aflareglu vegna sveigjanleika í fiskveiðistjórnunarkerfinu. Margar útgerðir sem höfðu fram að aukningu aflaheimilda reynt að takamarka sókn í ýsu með góðum árangri hættu því snarlega og juku sóknina aftur. Því leiddi hin ríflega aukning til stífari sóknar í ýsustofninn en annars hefði verið.

Í ráðgjöf fyrir yfirstandandi fiskveiðiár sem birt var í júní síðastliðnum var ekki gert ráð fyrir aukningu um 8000 tonn né öðrum umframafla. Hefði það verið gert hefði ráðgjöf samkvæmt aflareglu verið mun lægri en þau 50.400 tonn sem ráðlögð voru í júní síðastliðnum.

Ýsuafli á yfirstandandi fiskveiðiári er um 20 þús tonn og því ljóst að um helmingur aflaheimilda er eftir. Það er því ekki hægt að sjá rök fyrir því að auka nú þegar við aflaheimildir ýsu vegna stöðu aflaheimilda.

Við hermanir á aflareglu er ekki gert ráð fyrir tilfærslu aflamarks milli fiskveiðiára og því má ljóst vera að slík aðgerð felur í sér að aflareglu er ekki fylgt. Ákvörðun stjórnvalda um að setja aflareglur í helstu nytjastofnum með sjálfbærni-, hagkvæmni- og langtímasjónarmið að leiðarljósi

hefur leitt til þess að almennt er ástand sömu nytjastofna gott og hagkvæmni veiða ásættanleg. Að víkja útaf aflareglum ítrekað er í raun að fylgja ekki aflareglu og því leggst stofnunin gegn því að bætt verði við aflaheimildir ýsu á yfirstandandi fiskveiðiári.

Komi upp svipaðar aðstæður og síðastliðið vor telur stofnunin betra að beita staðbundnum aðgerðum til að bregðast við meðafla ýsu en ef slík úrræði duga ekki til verði farið mun varlegar í aukningu en gert var 2021 og þá einungis eftir að ráðgjöf fyrir fiskveiðiárið 2022/2023 liggur fyrir.

Samkvæmt upplýsingum frá Fiskistofu var 15. janúar 2020 búið að veiða um 14.100 tonn af ýsu af um 36.700 tonna aflaheimild fiskveiðiársins 2019/2020 eða um 38%. Þar af höfðu bátar í aflamarki veitt um 10.400 tonn af um 30.100 tonnum eða 35% og bátar í krókaaflamarki höfðu veitt um 3.700 tonn af um 6.600 tonnum eða 56%. Allt miðað við slægt.

Þann 15. janúar 2021 var búið að veiða um 19.800 tonn af ýsu af um 38.200 tonna aflaheimild fiskveiðiársins 2020/2021 eða um 52%. Þar af höfðu bátar í aflamarki veitt um 14.100 tonn af um 30.600 tonnum eða 46% og bátar í krókaaflamarki höfðu veitt um 5.700 tonn af um 7.500 tonnum eða 75%. Allt miðað við slægt

Í lok apríl 2021 voru aflaheimildir í ýsu auknar um 8.000 tonn ósl. þ.e. 6.720 miðað við slægt.

Þann 15. janúar 2022 var búið að veiða um 15.900 tonn af ýsu af um 36.000 tonna aflaheimild fiskveiðiársins 2021/2022 eða um 44%. Þar af höfðu bátar í aflamarki veitt um 12.300 tonn af um 29.900 tonnum eða 41% og bátar í krókaaflamarki höfðu veitt um 3.700 tonn af um 6.100 tonnum eða 60%. Allt miðað við slægt.

Af heildar aflaheimildum í ýsu 2021/2022 eru eftir rúm 20 þús. tonn eða tæp 56%, en á sama tíma sl. ár voru eftir rúm 18 þús. tonn eða rúm 48%.

„Ástand" veiðiheimilda í ýsu virðist því talsvert betra en á sama tíma sl. ár. Það á bæði við um aflamarks- og krókaaflamarksbáta.

Því hefur verið ákveðið að auka ekki aflaheimildir í ýsu að sinni. Þess í stað verði fylgst áfram með þróun ýsuveiða næstu vikur og mánuði í samráði við Hafrannsóknastofnun og Fiskistofu.

Fyrir hönd sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir

Guðmundur Jóhannesson

Ljósrit: Fiskistofa, Hafrannsóknastofnun